

lega. Höfundurinn gerir sér far um að sýna hið eðlilega samband trúarbragðanna, við líf og síði þjóðanna, og eins orsakir vissra trúarhugmynda í náttúru áhrifum og lífskjörum. Þetta er einn af aðalkostum bókarinnar. Einnitt með því að þekkja trúarbrögðin frá öllum hliðum, og uppruna þeirra, eftir því sem fong eru á, verður gildi þeirra réttilega metið. Hindurvitni og hjátrú hverar þjóðar verða að koma í ljós alveg einsog hæstu trúarhugsjónir hennar til að hægt sé að dæma trú hennar með sanngírni. Það er aðeins eitt sem getur brugðið réttu ljósi yfir trúarbrögðin, og það er strang vísindaleg rannsókn. Því fer fjærri að hún þurfi á nokkurn hátt að vera því til fyrirstöðu að það góða og háleita í þeim sé viðurkennt; enda viðurkennir höfundurinn það alstaðar.

Óskandi væri að höfundurinn hefði getað varið ofurlítið meira rúmi til að útskýra indversku heimspekina, því í raun og veru er hún miklu merkilegri en trúarbrögð Indverju, sem altaf hafa staðið á fremur lágu stigi hjá alþýðinni, og er jafnvel ennþá fjölgyðistrú, nema hjá mentuðum Indverjum.

Alt sem höfundurinn segir um Gyðingdóminn styðst við nýjstu biblíurannsóknir og sýnir mjög vel framþróun hans frá fyrstu tímum til spámannanna, og afturför hans eftir að lögmálsrétttrúnaðurinn komst á. Einnig er kenningum Jesú vel lýst, og greinilega tekið fram á hvaða ritum Nýjatestamentisins sé að byggja er um þær er að ræða. En undarlegt er að höfundurinn skuli helst aðhyllast þá útskýringu á upprisu Jesú, að hann hafi ekki dáið á krossinum, þar sem það er miklu trúlegra, að upprisu-sagan sé bygd á missýningum og munnmælum. Sömuleiðis er ekki áreiðanlegt að Jesús hafi skoðað sig sem Messías, en það er atriði, sem skoðanirnar eru skiftar um.

Bókin hefir mjög mikið af áreiðanlegum fróðleik um öll helztu trúarbrögð heimsins að geyma, sem er settur fram með vísindalegri nákvæmi, en þó svo ljóst að öllum er skiljanlegt. Á stöku stað virðist vera hálf óviðkunnalega að orði komist, en þess ber að gæta, að íslensk tunga er ekki auðug af orðum yfir heimspekileg hugtök.